

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sýkingarhættu á sjúkrahúsum.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hver eru viðbrögð ráðherra við þeirri skoðun sóttvarnalæknis að strax verði að ráðast í byggingu nýs Landspítala vegna smithættu í núverandi byggingum?
2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum úr könnun yfirlæknis smitsjúkdóma-deildar Landspítala – háskólasjúkrahúss í 10. tbl. Læknablaðsins 2003 sem sýna að auknar sýkingar megi rekja til þess að salernis- og hreinlætisaðstaða sé ófullnægjandi á spítalanum?
3. Verður það kannað nánar sem fram kemur hjá sóttvarnalækni í 10. tbl. Læknablaðsins 2003 að ætla megi að spítalasýkingar kosti Íslendinga hundruð milljóna króna á ári hverju?
4. Hve mörg sýkingartilvik sem landlæknir metur að hafi verið alvarleg hafa komið upp á sjúkrahúsum sl. fimm ár?